

Graves augnsjúkdómur

Graves-sjúkdómur er sjálfsofnæmissjúkdómur sem veldur því að skjaldkirtill framleiðir of mikið af hormónum. Hann getur valdið ýmsum einkennum en einn af hverjum fimm sem greinast með Graves-sjúkdóm fær svonefndan augn- og augntóttasjúkdóm. Hann getur komið fram mánuðum og jafnvel árum eftir greiningu á sjúkdómi í skjaldkirtli og er yfirleitt vægur.

Áhætta

Reykingar og meðferð með geislavirku jöði auka líkur á sjúkdómnum og hann verður skæðari hjá reykingafólki. Því er reykbíndindi forsenda þess að hægt sé að meðhöndla hann.

Einkenni

Helstu einkenni sjúkdómsins geta til dæmis verið:

- Roði í augum eða augnlokum
- Bólga eða tilfinning um þrota í augum eða augnlokum
- Nýtilkomnir pokar undir augum
- Óeðlilega opin (uppglennt) eða framstæð augu
- Viðkvæmni fyrir birtu, til dæmis sólarljósi
- Tilfinning um að sandur sé í augum
- Verkur í eða bak við augu
- Tvísýni við ákveðnar hreyfingar augna

Ef eitthvert ofantalinna einkenna kemur fram þarf að hafa samband við innkirtlalækni. Ef þú ert í eftirliti hjá göngudeild innkirtla og efnaskipta á Landspítala er hægt að senda skilaboð gegnum Heilsuveru eða hafa samband í síma 543 1000.

Meðferð

Læknir metur hvort vísa þurfi sjúklingi til augnlæknis til frekari skoðunar. Meðferð felst yfirleitt í gjöf sykurstera í æð í háum skömmtum sem gefnir eru á viku fresti í þrjá mánuði. Meðferðin fer fram á göngudeild eða heilbrigðisstofnun í heimabyggð.